

## Fréttatilkynning

**Ársreikningur Sveitarfélagsins Álftaness fyrir árið 2008 var tekinn til fyrri umræðu í Bæjarstjórn Álftaness þann 28. maí. Helstu niðurstöður ársreiknings eru eftirfarandi**

	<b>A hluti</b>	
	Ársreikningur	Áætlun
Skatttekjur.....	890.788	891.880
Rekstrartekjur samtals.....	1.160.207	1.394.672
Laun og launatengd gjöld.....	759.796	773.026
Þar af breyting á lífeyrisskuldbindingu.....	10.079	12.000
Annar rekstrarkostnaður.....	484.503	436.045
Rekstrargjöld samtals.....	1.289.487	1.253.592
Fjármagnsliðir nettó.....	-703.093	-435.085
Veltu fé frá (til) rekstri.....	-143.853	117.943
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.....	-189.298	-166.700
Eignir.....	2.388.510	2.516.457
Eigð fé.....	-125.732	412.637
Nettóskuld (pen.eign) án lífeyrisskuldbindingar.....	2.194.902	1.631.987
Nettóskuld með lífeyrisskuldbindingu.....	2.316.430	1.755.295
Skuldir án lífeyrisskuldbindingar.....	2.392.714	1.980.512
Skuldir með lífeyrisskuldbindingu.....	2.514.242	2.103.820
	<b>A hluti</b>	
Í hlutfalli við rekstrartekjur:	Ársreikningur	Áætlun
Skatttekjur	92%	75%
Laun og launatengd gjöld.....	65%	55%
Annar rekstrarkostnaður.....	42%	31%
Afskriftir.....	4%	3%
Fjármagnsliðir, nettó.....	61%	31%
Rekstrargjöld samtals.....	236%	176%
Rekstrarniðurstaða.....	-72%	-21%
Veltufé frá rekstri.....	-12%	8%
Fjárfestingar.....	16%	12%
<b>Í þúsundum króna á íbúa:</b>		
Skatttekjur.....	423	404
Þjónustutekjur og aðrar tekjur.....	39	133
Tekjur samtals.....	462	536
Laun og launatengd gjöld.....	303	297
Annar rekstrarkostnaður.....	193	168
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.....	0	0
Afskriftir.....	18	17
Fjármagnsliðir, nettó.....	280	167
Rekstrargjöld samtals.....	794	649
Rekstrarniðurstaða.....	( 332 )	( 113 )
Veltufé frá rekstri.....	( 57 )	45
Fjárfestingar.....	76	64

	A hluti	Ársreikningur	Áætlun
Í þúsundum króna á íbúa:			
Eignir.....	952	968	
Eigjð fé.....	( 50 )	159	
Nettóskuld án lífeyrisskuldbindingar.....	874	628	
Nettóskuld með lífeyrisskuldbindingu.....	923	675	
Skuldir án lífeyrisskuldbindingar .....	953	762	
Skuldir með lífeyrisskuldbindingu.....	1.002	809	

#### Aðrar lykiltölur:

Veltufjárhlfall.....	0,18	0,37
Eiginfjárhlfall.....	-5%	16%

#### Íbúafjöldi:

Í ársbyrjun.....	2.372	2.400
Breyting á árinu.....	138	200
Í árslok.....	2.510	2.600

#### Helstu frávik rekstrar

Rekstrarniðurstæða ársreikning fyrir 2008 er tap að fjárhæð 832 millj.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 393 millj.kr. á árinu 2007. Þetta er mikill viðsnuningur frá fyrra ári en hann skýrist að mestu leyti á miklu tapi í fjármagnsliðum sökum veikingar íslensku krónunnar, sölu byggingaréttar sem ekki gekk eftir og hækkuðum kostnaði í rekstri vegna verðbólguþróunar. Skatttekjur hafa aftír á móti hækkað minna vegna aðstæðna á vinnumarkaði. Í endurskoðaðri áætlun sveitarfélagsins var gert ráð fyrir tapi að fjárhæð 294 millj.kr. Fjármagnsliðir voru áætlaðir 435 millj.kr. en urðu 703 millj.kr. Í áætluninni var miðað við að gengisvíðitan yrði 170 stig um áramótin, en hún endaði í 216 stigum. Ljóst er að það mun ráðast af gengisþróun íslensku krónunnar hvort og pá hve stór hluti hækunar lána gengur til baka.

#### Helstu frávik fjárfestinga

Heildarfjárfestingar A hluta (brúttó) urðu 189 m.kr. árinu 2008 eða 23 m.kr. meiri en áætlað hafði verið.

#### Efnahagur

Heildarskuldir a.t.t.t. lífeyrisskuldbindinga hækkuðu milli ára úr 1.620.163 m.kr í árslok 2007 í 2.514.242 í árslok 2008. Tekið var nýtt lán á árinu frá lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 215 milljónum króna.

#### Framtíðarhorfur

Til að stemma stigu við hallarekstri hafa forráðamenn sveitarfélagsins gripið til ýmissa aðgerða. Útsvarsprósenta var hækkuð s.l. áramót, aukinheldur sem ráðist hefur verið í niðurskurð á launakostnaði. Úthlutuðum kennslustundum hefur verið fækkað, ásamt yfirvinnustundum hjá öllum stofnunum sveitarfélagsins.

Sveitarfelagið hefur á síðasta ári samþykkt breytingar í skipulags og íbúapróunarmálum samhliða samþykkt á nýju deiðskipulagi fyrir Grænan miðbað sveitarfélagsins. Í þessum breytingum er gert ráð fyrir að íbúum fjölgj innan núverandi skipulagstímabils um u.p.b. 1500 eða í tæplega 4000 íbúa og að byggt verði upp atvinnulíf sem tengist menningartengdri ferðaþjónustu. Í þessum framtíðaráformum er gert ráð fyrir einu grunnskólahverfi og samtengdri aðstöðu til æskulýðs- og íþróttastarfs. Þessi aðstaða er að mestu þegar byggð upp og því felst mikil hagræðing í áformum um fjölgun íbúa. Gert er ráð fyrir að þessar breytingar styrki verulega tekjur bæjarsjóðs. Við uppbryggingu á miðsvæðinu mun sveitarfelagið jafnframt selja byggingarétt og hafa af því hagnað.

Bæjaryfirvöld hafa gert ítarlega skýrslu um greiðslur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna til bæjarsjóðs, fyrst og fremst starfsemi fraðslu- og uppeldismála og hefur hún verið kynnt sjóðnum og verið send til nefndar um endurskoðun á reglum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Samkvæmt skýrslunni þyrfti að auka greiðslur frá sjóðnum allt að 100 milljónum árlega til að jafna aðstöðu sveitarfélagsins miðað við nágrennarsveitarfélög. Aðstöðumunurinn liggur fyrst og fremst í veikari tekjustofnum og háu hlutfalli barna og unglings. Skýrslan hefur líka verið kynnt stjórn SSH sem hefur ályktað í kjölfar kynningar um að hraðað verði breytingum á reglum Jöfnunarsjóðs og m.a. stutt frekar við sveitarfélög með veika tekjustofna og hátt hlutfall barna og unglings.